

Sveinn Magnússon
framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Sem þátttakandi í lífinu og hluti af mannskepnunni hlýtur maður að leitast við að reyna að betrubæta umhverfi sitt. Mér finnst vera miklir gallar á og undanskil mig ekki sem hluta af vanda-málinu. ■

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:

Sumartónleikar hefjast í kvöld

TÓNLEIKAR Listasafn Sigurjóns Ólafssonar efnir þrettánda árið í röð til sumartónleika á þriðjudagskvöldum kl. 20.30. Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld en þá flytja Sif Tulinius, fiðlu-leikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanóleikari, vel þekkt og vinsæl verk eftir eftirtalin tónskáld: C.W. Gluck, A. Corelli, Henri Wieniawski, Eugéne Ysaye, Chopin, Claude Debussy, Fritz Kreisler, Ernest Chausson og Maurice Ravel.



STEINUNN BIRNA RAGNARS-DÓTTIR

Sif Tulinius lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólannum í Reykjavík og lauk Bachelor of Music gráðu frá Oberlin College í Ohio og Master of Music gráðu frá Stony Brook University í New York. Hún hefur komið fram sem einleikari og tekið þátt í flutningi kammer-tónlistar í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan.

Steinunn Birna stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk einleikaraprófi þaðan árið 1981. Hún lauk meistara-gráðu frá New England Conservatory of Music í Boston. ■

Stretchbuxur

St. 38-50 – Frábært úrval

Jenny

Verzlunarmiðstöðinni Eiðistorgi
Sími: 552 3970


HAFNAR-FJÖRÐUR

Til sölu verslun með eigin innflutningi á kvennfatnaði, skartgripir og fl.

Mjög góðar vörur.

Staðsett í leiguhúsnæði.

Upplýsingar í síma 847-1167



ÞRIÐJUDAGURINN
12. JÚNÍ

HJÓLREIÐAR

Íslenski fjallahjólaklúbburinn býður til kvöldhjólafæðar og verður farið um Sel-tjarnarnesið í kvöld um 25 km leið. Að venju er brottför frá vestanverðri skipti-stöð SVR í Mjódd kl. 20. Ekkert þátttöku-gjald er en ætlast er til að þátttakendur noti hjálm og séu á löglega búnum hjól-um.

TÓNLIST

Það er hljómsveitin **Maus** sem leika á **Stefnumótakvöldi Undirtóna á Gauki á Stöng** í kvöld.

Hljómsveitin **3** heldur tónleika á **Café Ozio** í kvöld og hefjast þeir kl. 21.30. Leikin verða lög eftir Tom Waits, David Bowie, James Taylor o.fl. Miðaverð 600 kr.

SÝNINGAR

Önnur af sumarsýningum **Listasafns Reykjavíkur - Kjarvalsstaða** ber nafnið **Flogið yfir Heklu**. Sýningarstjóri er **Einar Garibaldi Eiríksson** myndlistarmaður og prófessor við Listaháskóla Íslands. Á sýningunni getur að líta mismunandi myndir Heklu sem sýndar verða hlíð við hlíð. Sýningin stendur til 2. september. Hin sýningin sem verður sett upp í **mið-rými Kjarvalsstaða** og ber hún yfirskriftina 1461 dagar. Þar sýnir **Grétar Reynis-son** verkefni sem hann hefur unnið að frá 1. janúar 1997 og sér ekki fyrir end-ann á enn. Þetta er vaxtarverkefni af þeirri tegund sem á ensku væri kallað „work in progress. Sýningin stendur til 19. ágúst.

Í **Stöðlakoti** við Bókhöðustíg 6 stendur yfir sýning á útsaumsverkum **Kristinar Schmidhauser**. Sýningin er opin dag-lega kl. 14-18 og lýkur 24. júní.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur hefur opn-að sýninguna **Henri Cartier-Bresson í Grófarsal**, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Sýnd eru verk þessa franska ljósmynd-ara sem nú er á tíræðisaldri og hefur oftast verið kenndur við stílinn „híð af-gerandi augnablik“. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12-17 og um helgar kl. 13-17 og stendur til 29. júlí.


Sænski ljósmyndarinn **Lars Erik Björk** sýnir ljósmyndir frá Færeyjum í anddyri sænska sendiráðsins í **Lágmúla 7** sem hann nefnir Leiftur frá Færeyjum. Sýn-ingin verður opin virka daga kl. 9-16 til 22. júní.

Freysteinn G. Jónsson sýnir ljósmyndir í versluninni **Míru**, Bæjarlind 6. Sýningin nefnist **Mannlíf á Indlandi** og sam-anstendur af skissum og skýssum sem rispaðar eru á kopar-, plast- eða tréplötur með beittum verkfærum. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá klukkan 11 til 17 og hún stendur til 2. júlí.

Íslenskir fatahönnuðir gera samning í Bandaríkjunum:

Ætlum okkur gríðarlega mikla hluti

HÖNNUN Fyrirtækið ELM, sem sam-anstendur af Ernu Steinu Guðmunds-dóttur, textílhönnuði, Lísbet Sveins-dóttur, myndlistarmanni og Matthildi Halldórsdóttur, framleiðslustjóra, hefur nýlega gengið frá sölu á fatalínu sinni fyrir haust-vetur 2001-2002 til 14 verslana í Bandaríkjunum í kjölfar sölusýningarinnar Workshop N.Y. sem haldin var í New York í febrúar sl. Gengið hefur verið frá sölu á um 2000 flíkum. „Þessi samningur sýnir okkur það að við eigum heima á tískuvikum sem þessari. Frá því fyrirtækið var stofnað fyrir tveimur árum hefur verið stefnt að slíkum samningi á erlend-um markaði og var þetta fyrsta til-



GRÉTAR REYNISSON MYNDLISTARMAÐUR

Fjögur ár með einum hlaupársdegi eru nákvæmlega 1461 dagar.

Grétar Reynisson sýnir á Kjarvalsstöðum:

Dregst inn í verkið

MYNDLIST „Maður verður mjög með-vitaður um tímann bara með því að leggja alltaf nýtt og nýtt verk frá sér. Svo fer þetta að hrúgast upp og þá sér maður áþreifanlega hvernig tíminn líður,“ segir Grétar Reynis-son myndlistarmaður sem nú er með sérstæða sýningu á Kjarvals-stöðum.

1. janúar árið 1997 byrjaði Grét-ar að teikna ýmis konar munstur með blýi á litla krossviðarplatta, einn platta á dag allt árið. Árið eftir gerði hann einn platta á viku, svoltið stærrí en dagsplattarnir. Árið 1999 urðu plattarnir tólf en á síð-asta ári gerði Grétar einn stóran platta.

„Það eru ákveðin skil í þessu verkefni núna, en ég verð með þetta í huga áfram og held bara áfram að vinna,“ segir Grétar. „Myndlistar-

maður stendur frammi fyrir því að hefja verk á hverjum degi. Þetta er fyrst og fremst spurning um að vera að og þá skilar það árangri.“

Grétar hefur í lok hvers árs haldið sýningu á afrakstrinum á ólíkum stöðum og hverju platta-verki fylgdi annað verk sem unnið var meðfram. 1998 sýndi hann dagsplattana frá árinu áður í Ný-listasafninu ásamt 365 sjálfsmynd-um sem hann gerði, einni á dag með ýmsum aðferðum. 1999 voru vikuplattarnir sýndir í Gallerí 18 ásamt 365 litlum braudum sem hann bakaði, eitt á degi hverjum allt árið 1998. Árið 2000 sýndi hann svo mánaðarplattana í Gryfju Lista-safns ASI, og þá fylgdu svonefndar kaffidagbækur, ein bók fyrir hvern mánuð og á hverri blaðsíðu er far eftir kaffibolla.

„Nýjasta verkið eru 52 hand-klæði sem ég notaði sjálfur, eitt á hverri viku og svo rúllaði ég þeim upp þannig að í þeim er eins konar afbrykk af mér líkt og kaffið sem ég drakk, brauðin sem ég hnoaði sjálfur og sjálfsmyndirnar. Ég dregst þannig sjálfur inn í verkið eins og hluti af öllum myndlistar-mönnum er í verkunum sem þeir vinna.“

Sýningunni á Kjarvalsstöðum fylgir skrá með myndum af öllum verkunum og texta Ólafs Gíslasonar sem hefur skrifað um allar sýn-ingarnar. „Hann skrifar núna fjórða og síðasta textann í þessa bók. Ég er mjög kátur með þessa skrá þar sem hann er á heimspekilegum nótum að útlista þetta verk mitt. Ég hef þannig fengið jafnóðum vissa svör-un frá honum,“ segir Grétar. ■

MYNDLIST

Nú stendur yfir í **Kaffistofu Hafnarborgar**, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, sýning á grafíkverkum **Magdalenu Mar-grétar Kjartansdóttur**. Sýningin sam-anstendur af skissum og skýssum sem rispaðar eru á kopar-, plast- eða tréplötur með beittum verkfærum. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá klukkan 11 til 17 og hún stendur til 2. júlí.

Margrét Magnúsdóttir sýnir í **listhúsi Ófeigs** Sýningin samanstendur af málverk-um og prívíðum hlutum. Sýningin stendur til 23. júní og er opin á verslunartíma.

Sýningin **List frá liðinni öld** stendur yfir í **Listasafni ASI**. Á sýningunni eru sýnd öndvergisverk úr eigu Listasafnsins. Lítið er til fyrir hlutar síðustu aldar og sjónum beint annars vegar að yngri verkum frum-herjanna.

FUNDIR

Heimdallur heldur opinn fund um virkjanir á Íslandi kl. 17 í dag í **Valhöll** við Háaleit-isbraut. Þorsteinn Siglaugsson, rekstrar-hagfræðingur ræðir tap á virkjunum og Stefán Pétursson, fjármálastjóri Landsvirkj-unar, svarar gagnrýninni. Þorsteinn leggur fram nýtt mat byggt á nýjum upplýsing-um. Eftir framsögur mun Jóhannes Geir Sigurgeirsson sitja fyrir svörum ásamt framsögumönnum. Allir velkomnir



sagði Lovisa hönnuðina þrjá vera nán-ar vinkonur og ein þeirra byggði og ætti eiginmann frá Perú. Hún sagði að í einni Íslandsheimsókninni hefði hug-myndin að samstarfinu kviknað og það síðan undið upp á sig.

„Við höfum mikla framtíðarsýn og í henni er hugmyndir um að vinna með íslenskum hönnuðum. Við ætlum ekki að fara út í neinar tilraunastarf-semi heldur einblína á það sem er að

ELM REKUR VERSLUN Á LAUGAVEGI Sérstæða framleiðslunnar liggur í því að hver flík er þrjúuð á handknúnni vél eftir máli og allur frágangur er unnin í höndun-um og flokkast því á alþjóðamarkaði sem handunnin vara.

gerast hjá okkur núna. Við lítum björtum augum til framtíðarinnar,“ sagði Lovisa að lokum.

Þess má geta að fyrirtækið rekur verslunina ELM á Laugavegi 1 ■